



## Áfangalýsing ML

<b>Titill:</b>	Frumu – og þroskunarfræði
<b>Námsgrein:</b>	Líffræði
<b>Viðfangsefni:</b>	Frumulíffræði, kynfræðsla, æxlun og þroskun
<b>Skammstöfun:</b>	LÍFF3FP05
<b>Þrep:</b>	3
<b>Einingafjöldi:</b>	5
<b>Lýsing:</b>	Fjallað er m.a. um heilkjarnafrumur og dreifkjarnafrumur, frumuskiptingar og tengingu við krabbamein og smitsjúkdóma. Farið er í æxlunarfæri karla og kvenna og starfsemi þeirra og farið í æxlun, fósturþroskun, fæðingu og þroskun eftir fæðingu.
<b>Forkröfur:</b>	Engar
<b>Þekkingarviðmið:</b>	<b>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• vísindalegum vinnubrögðum</li><li>• byggingu, starfsemi og skiptingu dýrafrumna</li><li>• myndun krabbameina</li><li>• helstu sjúkdómum, smitleiðum og vörnum gegn þeim</li><li>• byggingu æxlunarfæra mannsins</li><li>• myndun okfrumu og fósturþroskun í grófum dráttum</li><li>• ferlum barnsfæðingar í grófum dráttum</li><li>• þroskun mannlíkamans frá fæðingu til dauða í grófum dráttum</li></ul>
<b>Leikniviðmið:</b>	<b>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• skoða smásjárýni</li><li>• framkvæma einfaldar rannsóknir með vísindalegum vinnubrögðum</li><li>• skrifa skýrslur og túlka niðurstöður rannsókna</li><li>• lesa vísindagreinar og fræðibækur og nýta upplýsingatækni sér til gagns</li></ul>
<b>Hæfniviðmið:</b>	<b>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• fjalla með viðeigandi orðaforða og skilningi um þetta mikilvæga málefni sem alla varðar.</li><li>• taka upplýstar ákvarðanir varðandi kynlíf og barnseignir.</li><li>• mynda sér skoðun á mikilvægi heilbrigðs kynlífs.</li><li>• yfirfæra þessa vísindalegu þekkingu og leikni á aðrar námsgreinar.</li></ul>
<b>Námsmat</b>	Verkefni, skýrslur og próf